

**Ed.**

**167. Tillaga**

til þingsályktunar um prentunarkostnað ríkisins.

Flutningsm.: Guðmundur Ólafsson, Hjörtur Snorrason, Halldór Steinsson,  
Einar Árnason og Guðmundur Guðsinnsson.

Alþingi ályktar að skora á stjórnina að láta athuga fyrir næsta Alþingi:

1. Hvort ekki sje mögulegt að komast að viðunanlegum samningum um prentun á öllu því, er ríkið þarf að láta prenta, og í sambandi við það,
2. Hvort ekki sje tiltækilegt, að ríkið keypti og kæmi á stofn eigin prentsmiðju.

**Ástæður.**

Prentunarkostnaður ríkisins mun um s. l. ár hafa numið fullum 150000 krónum á ári. Útgjaldaliður þessi verður að teljast tilfinnanlega hár, og ekki mikil líkindi til, að hann verði lægri framvegis, ef ekkert er aðhafst til þess að draga úr honum á einhvern hátt.